



Viðstaddir

12.04.2022

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk
Björg Fenger	BF	G.bæ
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir
Ásthildur Helgadóttir

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilfni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 12.04.22 kl. 10.30.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 30.03.22 samþykkt samhljóða.

2 Salerni Suðursvæði

Útboðsgögn og kostnaðaráætlun samþykkt.

⇒ MÁ mun fela Ferli að koma verkinu í útboðsferli.

3 Lyftur Bláfjöll

Hliðarverkefni lyfta

- Rif lyfta
Að tillögu MÁ samþykkt að fresta rífi á Drottningu til sumarsins 2023. Nýta má lyftuna næsta vetur ef Kóngur bilar og nýja Drottningin er ekki komin í notkun. Skíðasvæðin taka niður 3 möstur Gosa og flytja á snjó á plan í Suðurgili fljótlega. EKS/VSÓ gerir verðkönnun um kaup á stálinu hjá þrem helstu aðilum í stálendurvinnslu (tekjur á móti kostnaði). EKS/VSÓ útbýr verðfyrirspurnargögn vegna rífs á botnstöð Gosa.
- MÁ áætlar umfang snjógirðinga 21 m.kr. MÁ sendir innkaupaskrifstofu Rvk fyrirspurn um hvort fara megji í hefðbundna verðkönnun líkt og undanfarin ár – eða hvort fara þarf í formlega verðfyrirspurn.
- MÁ áætlar umfang landmótunar 10 m.kr. MÁ tekur saman verðkönnunargögn og sendir til 2-3 verktaka líkt og undanfarin ár.
- MÁ áætlar umfang lýsingar 13 m.kr. MÁ tekur saman verðkönnunargögn og sendir til 2-3 verktaka líkt og undanfarin ár.

Leyfismál

- Starfsleyfi HeHK fyrir Gosa/Drottningu hefur verið gefið formlega út.
- MÁ/EB og EKS áttu fund með HeHK til að fara yfir starfsleyfismál vegna hliðarverkefna (sjá að ofan). Stefnt að því að fá eitt leyfi vegna þeirra allra sem framvísað verður á þá verktaka sem annast hvert verkefni. HeHK skoðar málið.
- Jafnframt var rætt um starfsleyfi fyrir almennan rekstur og hvort ekki sé skynsamlegt að þar undir falli ýmis tilfallandi smáverkefni, sem ekki þarf þá að sækja um sérstaklega. HeHK skoðar málið.

- EKS mun ræða við ÁH um byggingarleyfi Gosa.

Verkstaða og reikningar.

- Jarðvinna Gosa hefst í lok apríl. Steypa í undirstöður mastra 1-2-3 hefst í byrjun maí og í sökkla botnsstöðvar í framhaldi.

4 Skálafell

Vinna við innviðagreiningu er í undirbúningi, en ekki byrjuð.

5 Uppbygging skíðasvæðanna – endurskoðun framkvæmda/samninga

RS og Andrés hjá ÍTR hafa unnið í greiningu og ljóst að gengisvarnir eru kostnaðarsamar. Þau taka saman minnisblað til SSH í fyrstu viku eftir páska.

6 Innviðir

MÁ/EB hafa fengið uppdrætti frá EKS með þekktum veitum.

- ⇒ MÁ/EB yfirfara – laga, bæta og teikna inn það sem vantar
- ⇒ EKS matreiðir tölvutækt og sendir Kópavogi til innsetningar á kortavef.

7 Snjóframleiðsla 1 áfangi

EKS, EB og MÁ áttu fund með Ómari Ívarssyni hjá Landslag. Líklega er skynsamlegast að breyta deiliskipulagi vegna færslu á staðsetningu miðlunartjarnar, skilgreiningu byggingareita o.fl.

- ⇒ Óí sendir fyrirspurn á skipulag Kópavogsbæjar. Næstu ákveðin í framhaldi.

8 Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður síðar.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn